

DV



SJÓNVARPIÐ

- Gamlársdagur
13.00 Fréttir og veður.
13.15 Töfragugginn.
14.05 Bangsveislán. (The Teddy Bear's Picnic). Sögumaður Sigrún Edda Björnsdóttir. Þýðandi Ásthildur Sveinsdóttir.
14.30 Járnbrautardrekkinn. (The Railway Dragon). Sögumaður Sigrún Waage. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir.
*14.50 Þrastarskeggur konungur. (König Drosselbart). Ný ævintýrakvikmynd eftir hinni gamlunnu sögu úr Grimms ævintýrum, um hrokafullu prinsessuna og tafsama ferð hennar um þá stígu, er leiða til hinnar sönnu ástar. Myndin er gerð í samvinnu þýskra, slóvenskra, austurrískra, ítalskra og spænskra sjónvarpsstöðva. Leikstjóri Miroslav Luthar. Aðalhlutverk Adriana Tarnbikov, Lukas Vaculík, Gerhard Olschewski, Marian Labuda og Maria Schell. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir.
16.20 Íþróttanáll. Umsjón Bjarni Felixson og Jón Óskar Sólmes.
17.40 Hlé.
20.00 Ávarp forsætisráðherra.
20.20 Innlendur fréttanáll 1989. Umsjón Helgi H. Jónsson.
21.10 Erlenur fréttanáll. Umsjón Arni Snævarr.
21.50 Úr fjölleikahúsi.
22.25 Áramótaskaup. Ýmsir höfundar. Leikstjóri Stefán Baldursson. Stjórn upptöku Þór Elís Pálsson. Stjórn tónlistar Pétur Hjáltested. Þátttakendur: Aðalsteinn Bergdal, Edda Björngvinsdóttir, Edda Heiðrún Backman, Egill Ólafsson, Gísli Rúnar Jónsson, Guðmundur Ólafsson og Ólafía Hrönn Jónsdóttir.
23.35 Kveðja frá Ríkisútvarpinu. Umsjón Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri. Stjórn upptöku Kristín Björg Þorsteinsdóttir.
00.10 Gullkorn úr gamanmyndum. (Golden Age of Comedy). Bandaríkjamadurinn Robert Youngson safnaði ýmsum gullkornum gömlu góðu gamanmyndanna saman í þessa mynd. Meðal annarra koma fram Laurel og Hardy, Ben Turpin, Will Rogers og Harry Langdon. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
01.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok.



- 9.00 Svaðilfarir Kalla kaninu. Kalli kanlína og félagar í bráðskemmtilegri teiknimynd.
10.20 Ævintýraleikhúsið: Nýju fötin keisarans. The Emperor's New Clothes. Sigilt ævintýri með úrvals leikurum. Aðalhlutverk: Alan Arkin, Art Carney, Dick Shawn og Georgia Brown.
11.15 Höftrungavik. Frábær framhaldsmynd í átta hlutum.
12.15 Stóra loftfarið. Let the Balloon Go. Gullfalleg áströlsk mynd sem byggð er á samnefndri bók eftir ástrálska rithöfundinn, Ivan Southeall. Myndin gerist í litlum smábæ í Ástralíu og segir frá lífi fatlaðs drengs sem reynir allt til þess að sigrast á vanmætti sínum og aflla sér virðingar. Aðalhlutverk: Robert Pattinson, Jan Kingsbury og Ben Gabriel.
13.30 Fréttir frá fréttastofu Stöðvar 2.
13.45 Íþróttanáll ársins 1989. Umsjón: Heimir Karlsson og Jón Örn Guðbjartsson.
14.45 Eins konar ást. Some Kind of Wonderful. Keith er að ljúka menntaskóla og beinist hugur hans einkum að myndlist. Forældrar hans reyna að hafa áhrif á hann til þess að læra viðskiptafræði en það ruglar Keith því hann vill hafa sínar sjálfstæðu skoðanir. Aðalhlutverk: Eric Stoltz, Mary Stuart Masterson, Graig Sheffer og Lea Thompson.
16.15 Sirkus. Great Circuses of the World. Skemmtilegt fjölleikahús með öllu tilheyrandi.
17.05 Hlé.
20.00 Ávarp forsætisráðherra.
20.10 Landsleikur. Bæirnir bitast. Þetta er sérstakur nýársþáttur með tilheyrandi glensí og gríni. Umsjón: Ómar Ragnarsson.
21.10 Tónlist Lennons og McCartneys. Let's Face the Music. Ljufur tónlistarþáttur þar sem tónlist þeirra félaga Lennons og McCartneys er leikin og sungin.

- 20.20 Landsleikur. Bæirnir bitast. Þetta er sérstakur nýársþáttur með tilheyrandi glensí og gríni. Umsjón: Ómar Ragnarsson.
21.25 Tónlist Lennons og McCartneys. Let's Face the Music. Ljufur tónlistarþáttur þar sem tónlist þeirra félaga Lennons og McCartneys er leikin og sungin.
22.20 Konungleg hátíð. A Royal Gala. Þáttur frá hinum árlegu tónleikum sem breska konungsfjölskyldan efnir til í góðgerðarskyni.
00.00 Áramótakveðja. Jón Öttar Ragnarsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, flytur áramótakveðju.
00.20 Undir eftirliti. Marteinn Mosdal horfir um öxl og skyggist fram á við ásamt fleirum.
1.10 Arthur. Gamanmynd sem fjallar um ríkisbubbað Arthur sem allt af er að skemmta sér og drekkur eins og svampur. Aðalhlutverk: Dudley Moore, Liza Minnelli, John Gielgud, Geraldine Fitzgerald, Jill Eikenberry og Stephen Elliott.
2.45 Hótelíð. Plaza Suite. Þetta eru þrjár stuttar myndir og fjalla um fólk sem býr í ákveðnu herbergi á frægu hóteli í New York. Aðalhlutverk: Walter Matthau, Maureen Stapleton, Barbara Harris, Lee Grant og Louise Sorel.
4.40 Dagskrárlok.



- 8.00 Fréttir.
8.05 Morgunandakt. Séra Guðni Þór Ólafsson, prófastur á Melstað, flytur ritningarorð og ben.
8.15 Veðurfreginir. Dagskrá.
8.30 Á sunnudagsmorgni. með Salóme Þorkelsdóttur alþingismanni. Bernharður Guðmundsson ræðir við hana um guðspjall dagsins. Lúkas 12, 35-40.
9.00 Fréttir.
9.03 Tónlist á sunnudagsmorgni.
10.00 Fréttir.
10.03 Á dagskrá. Litið yfir dagskrá gamlársglags.
10.10 Veðurfreginir. Auglýsingar.
10.25 Í fjarlægð. Jónas Jónsson hittir að máli Íslendinga sem hafa búið lengi á Norðurlöndum, að þessu sinni Bergljótu Skúladóttur í Kaupmannahöfn. (Einnig útvarpað á þriðjudag kl. 15.03.)
11.00 Út um kirkjugluggann. Auður Eir Vilhjálmisdóttir ræðir við fólk um liðið ár.
12.10 Á dagskrá. Litið yfir dagskrá gamlársglags.
12.20 Hádegisfréttir.
12.45 Veðurfreginir. Auglýsingar.
13.00 Hádegisstund í Útvarps húsinu. Ávarp Kjartansson tekur á móti sunnudagsgestum.
14.00 Nýárskeðjur.
16.00 Fréttir.
16.05 Á dagskrá. Litið yfir dagskrána um áramótin.
16.15 Veðurfreginir.
16.20 Hvað gerðist á árinu? Fréttamenn Útvarpsins greina frá atburðum á innlendum og erlendum vettvangi 1989.
18.00 Aftansöngur í Dómkirkjunni í Reykjavík. Prestur: Séra Hjalti Guðmundsson. Organisti: Martinn H. Friðriksson. Dómkórinn syngur.
19.00 Kvöldfréttir.
19.25 Þjóðlagakvöld. Einsöngvarakórinn og félagar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands flytja þjóðlög í útsetningu Jóns Ásgeirssonar sem stjórna flutningi.
20.00 Ávarp forsætisráðherra, Steingrims Hermannssonar. (Samtengt útsendingu Sjónvarpsins.)
20.20 Íslensk tónlist. eftir Jón Ásgeirsson, Karl O. Runólfsson, Ingibjörgu Þorbergs og fleiri. Guðmundur Jónsson, Lúðra-sveit Reykjavíkur, Eddukórinn, Sinfóníuhljómsveit Íslands og fleiri flytja.
21.00 Góðri glaðir á stund... Gamanfundur í útvarpspall með Félagi eldri borgara. Fram koma: Arni Tryggvason, Anna Guðný Guðmundsdóttir, Kristín Pétursdóttir, Sigfús Halldórsson, Sigrún Hjálmtýsdóttir og Kór Félags eldri borgara. Umsjón: Jónas Jónsson.
22.15 Veðurfreginir.
22.20 Skemmtitónlist frá ýmsum tímum. eftir Strauss, Lehár, Gershwin, Foster, Ellington og fleiri.
23.30 Brennið þið vitar. Karlakórinn Föstræður og Sinfóníuhljómsveit Íslands flytja lag Páls Ísólfs-sonar við ljóð Davíðs Stefáns-sonar.
23.35 Kveðja frá Ríkisútvarpinu. Umsjón: Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri. (Samtengt útsendingu Sjónvarpsins.)

- 00.05 Dragðu það ekki að syngja... Nýársgleði Útvarpsins hljóðrituð á Húsavík. Félagar úr Leikfélagi Húsavíkur flytja skemmtidagskrá með brotum úr verkum sem færð hafa verið upp á liðnum árum. Meðal efni- eru leikþættir og söngvar úr Skugga-Sveini, Sjálfstæðu fólki, Fiðlaranum á þakinu, Júnó og páfuglinum og leikritinu Sildin kemur og sildin fer auk reviousöngs, þjóðsagna og áramótánnáls. Leikstjóri: Sigrúður Hallmarsson. Söngstjóri: Ingimundur Jónsson. Undirleikari: Helgi Pétursson. Kynnir: María Axfjörð. Umsjón og stjórn upptöku: Jónas Jónasson. (Einnig útvarpað á nýársdag kl. 17.00.)
01.00 Veðurfreginir.
01.10 Næturútvarp á báðum rásum til morguns.



- 9.03 Hann Tumi fer á fætur... Ólafur Þórðarson bregður nokkrum áramótalögum á fóninn.
11.00 Úrval. Úr dægurmálaútvarpi vikunnar á rás 2.
12.20 Hádegisfréttir.
12.45 Tónlist. Auglýsingar.
13.00 Nú árið er liðið. Dægurmálaútvarpið býður til samkomu í turni Útvarps hússins með þeim sem látið hafa að sér kveða á árinu og hlustendum sem bera saman orð og efndir. Hlustendur velja mann ársins. Stuðmenn leika.
17.00 Áramótablanda. Magnús R. Einarsson magnar seðinn.
19.00 Kvöldfréttir.
19.25 Álf- og áramótalög.
20.00 Ávarp forsætisráðherra, Steingrims Hermannssonar. (Samtengt útsendingu Sjónvarpsins.)
20.20 Stjörnuljós. Dagskrárgerðarmenn rásar 2 reyna að kveikja í.
23.35 Kveðja frá Ríkisútvarpinu. Umsjón: Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri. (Samtengt útsendingu Sjónvarpsins.)
00.05 Dansinn stígninn. Arni Magnússon og Gyða Dröfn Tryggvadóttir stjórna dansi.
05.00 Næturútvarp á báðum rásum til morguns. Fréttir kl. 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00.

- NÆTURÚTVARP
02.00 Dansinn stígninn. Arni Magnússon og Gyða Dröfn Tryggvadóttir stjórna dansi.
05.00 Nýársmorgunstónar.



- 9.00 Haraldur Gíslason tekur daginn snemma. Létt spjall við hlustendur, opin lína og síðan er sendar út áramótakveðjur frá fyrirtækjum.
12.00 Hádegisfréttir.
12.15 Kryddsild. Jón Ásgeirsson, fréttastjóri Bylgjunnar, og Páll Magnússon, fréttastjóri Stöðvar tvö, taka á móti forspökkum stjórnmálaflokkanna, ráðherrum og fleiri góðum mönnum á Grillinu á Hótel Sögu. Rætt um mál ársins sem er að kveðja og þau mál sem eru eftir á baugi þessa dagana.
14.00 Áramótastemming. Falleg tónlist og fleira gott. Umsjónarmaður Freymjóður T. Sigurðsson.
23.00 Gamlárs-nýársvakt Bylgjunnar. Hafþór Freyr Sigmondsson og Ágúst Héðinsson á stuttboxum í tilefni kvöldsins, athuga hvað er að gerast, strákar sem eru á ferðinni, og gefa upplýsingar allveg beint í æð.
5.00 Á nýársdag. Róleg og afslóppuð helgátónlist í tilefni dagsins. Umsjónarmaður Freymjóður T. Sigurðsson.
Ath. Fréttir kl. 10, 12, og 14 á gamlársglag.



- 10.00 Kristófer Helgason. Síðasti dagur ársins og allt að verða vílaust.
12.00 Litið yfir farinn veg. Við gerum grín að öllu og það verður ýmislegt sem þú heyrir sem þú áttir aldrei von á að heyra í útvarpi.
16.00 Dagskrárgerðarmenn Stjörnnunnar sjá þér fyrir nýrri, góðri og vandaðri tónlist.
24.00 Gleðilegt nýtt ár! Við fögnum nýju ári ásamt hlustendum okkar. Hver skyldi eiga fyrsta óska-lagið á Stjörnunni 1990...sá hinn sami fær??
5.00 Róleg nýársátónlist á Stjörnunni. Nýárskeðjur valinkunnra Íslendinga.

- 8.00 Ámi Vilhjálmur. Óskölög og eldra efni fram til klukkan eitt.
13.00 Sveinn Snorri. Léttur og liflegur.
16.00 Klemenz Arnarsson. Sunnudagstónlist eins og hún gerist best.
19.00 Benedikt Elfar. Með breiðan smekk þótt grannur sé.
22.00 Sigurjón „Diddi“. Fylgir ykkur inn í nóttina.
1.00 Lifandi næturvakt.



- 9.00 Ljuf tónlist á þjóðlegum nótum. Umsjón Bjarni Dagur Jónsson.
12.00 Á síðasta snúningi - horft um öxl og fram á við. Glens og grín án ábyrgðar. Allt leyfileg - og þó! Dagskrárgerðarmenn Adalstöðvarinnar leika lausum hala undir stjórn Ásgeirs Tómassonar og Inger Önnu Aikman.
16.00 Úrval ársins að hætti Adalstöðvarinnar.
24.00 Er mikið sungið á þínu heimili? Nú er glatt á hjalla. Síminn á Adalstöðinni er 626060.
4.00 Hátíðarstemming. Nú er um við í hátíðarskapi og leikum ljúfa tóna.
12.00 Endurtekinn þáttur. Bestu vinir bitlanna. Umsjón Ásgeir Tómasson.
14.00 10 vinsælustu lög Adalstöðvarinnar 1989.
15.00 Ljuf tónlist með hátíðarblæ.
24.00 Næturdagskrá.



- 6.00 The Hour of Power. Trúarþáttur.
7.00 Gríníðjan. Barnaefni.
11.00 50 vinsælustu. Poppþáttur.
12.00 Beyond 2000. Vísindapáttur.
13.00 That's Incredible. Fræðslu-mynd.
14.00 Fjölbragðaglima (Wrestling).
15.00 The Incredible Hulk. Spennu-myndaflokkur.
16.00 Emergency. Framhaldsmynda-flokkur.
17.00 Joannie Loves Chachi. Framhaldsmynda-flokkur.
17.30 Sky Star Search.
18.00 Family Ties. Gamanþáttur.
19.00 Kvikmynd.
22.00 Entertainment This Week.
23.00 Fréttir.
23.30 Midnight Mass.



- 14.00 Project X.
16.00 The Man with One Red Shoe.
18.00 Pals.
19.40 Entertainment Tonight.
20.00 The Color Purple.
22.30 The Morning After.
00.15 Outrageous Fortune.
02.00 The Hitchhiker.
02.30 Monthly Python Live at The Hollywood Bowl.
04.00 Command in Hell.



- 9.00 Tennis. Keppni landsliða í Ástralíu.
12.00 Fótibolti. Heimsmeistarakeppni unglinga í Saudi-Arabíu.
14.00 Krikket. Vestur-Indíur-Pakistan.
15.00 Hindrunarhlaup á hestum.
16.00 Singlingar.
17.00 Gole. Heimsmeistarakeppnin 1982. Kvikmynd.
19.00 Tennis. Keppni landsliða í Ástralíu.
21.00 Lifthlaup á skautum. Helstu atburðir ársins.
22.00 Ralli. París-Dakar.
22.15 Champions of Europe. Hverjir skoruðu fram úr.
23.15 Eurosport - What a Year.
0.15 Ralli. París-Dakar.



- 7.00 Ameríski fótiboltinn. Leikur vikunnar.
9.00 Dagur í lífi ishokkileikara.
10.00 Kórufótbolti. N-Carolina State-St. Johns.
11.30 Rugby Wigan-St. Helens.
13.00 Motorsport.
14.30 Kórufótbolti. Clemson-Providence.
16.00 Ameríski fótiboltinn. Aloha Bowl 1989.
18.00 Íþróttir í Frakklandi.
18.30 Powersport International.
19.30 Kórufótbolti. Leikur háskólaliða.
21.30 Lifthlaup á skautum.
23.30 Kórufótbolti. Leikur háskólaliða.

Sunnudagur 31. desember



Arthur róni og milljónamæringur stjaran við þjóninn Hobson.

Stöð 2 kl. 1.10:

Arthur

Gamanmynd um flottrónann sem veit ekki aura sinna tal og drekkur ótæpalega. Eins og ríkum mönnum sæmir hefur Arthur einkabjón og eru þeir einstaklega samrýndir. En Arthur á einnig sín vandamál þótt auðugur sé. Fjölskylda hans hefur hótað að svipta hann arfi ef hann kvænist ekki vellauðugri og ótrúlega leiðinlegri vinkonu sinni. Arthur á hins vegar aðra kærustu sem fjölskyldunni líkar engan veginn við og verður því að velja og hafna. Það er Dudley Moore,

kvennagullið smávaxna sem leikur hvítflibbasukkarann Arhur og hlaut lof fyrir. Liza Minnelli, John gamli Gielgud og fleiri traustir leikarar eiga góða spretti í myndinni undir leikstjórn Steve Gordon. Maltin gefur myndinni 3,5 stjörnur og segir hana verulega góða gamanmynd og getur sérstaklega Gielguds sem fékk óskarsverðlaun í hlutverki þjónsins. Síðar voru gerðar tvær framhaldsmyndir um Arthur sem þóttu fremur klénar.

-Pá

Rás 1 kl. 19.25:

Þjóðlagakvöld

Í kvöld, gamlárskvöld, mun Einsöngvarakórinn syngja íslensk þjóðlög ásamt hljóðfæraleikurum í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Jón Ásgeirsson útsetti öll lögin og stjórnar flutningnum. Lögin eru öll vel þekkt, rammíslensk lög sem sung-

in hafa verið í áratugi. Þeir sem skipa Einsöngvarakórinn eru: Svala Nielsen, Guðrún Tómasdóttir, Margrét Eggertsdóttir, Ruth Magnússon, Gestur Guðmundsson, Garðar Cortes, Kristinn Hallsson og Ásgeir Hallsson.

Stöð 2 kl. 14.45:

Eins konar ást

Ósvikin unglingamynd sem fjallar um Keith, fátæk-an pilt á seinasta ári í menntaskóla. Hann dreymir um að leggja stund á myndlist en foreldrar hans eru á annarri skoðun og vilja setja piltinn í viðskiptafræði. Hann berst fyrir því að vera hann sjálfur og þrátt fyrir stéttamismun verður hann hrifinn af ríkustu og vinsælustu stelpunni í skólanum. Keeith býður stúlkunni út og honum til mikillar undrunar þiggur hún boðið. Að visu grunar Keith að hún sé að hefna sín á kærasta sínum en stúlkuna grunar að Keith sé aðeins á höttunum eftir peningunum hennar. Eric Stoltz og Mary Stuart Masterson fara með aðal-



Mary Stuart Masterson í hlutverki sínu í Eins konar ást.

hlutverk ásamt Graig Sheffer og Lea Tompson. Maltin gefur tvær og hálfa stjörnu og lýkur lofsorði á frammistöðu leikaranna.

-Pá

Sjónvarpið kl. 14.50:

Þrastaskeggur konungur

Ævintýri um Þrastaskegg konung í hugljúfum búningi. Aðalsöguhetjan er Anna prinsessa sem er svo ægíðugur að hver sem sér hana verður samstundis ástfanginn. En Anna prinsessa er hrokaful og montin og dregur dár að öllum vonbiðlum sem á fund hennar koma. Þegar Þrastaskeggur konungur biður hennar hafnar hún honum með þeim orð-

um að hún myndi frekar giftast betlara. Þaðir prinsessunnar verður ævareldur yfir hroka dótturinnar og krefst þess að hún standi við orð sín og giftist fyrsta umrenningnum sem kemur til kastalans. Það gengur eftir og Önnu prinsessu biður mikil auðmýking og niðurlægning. En ekki er allt sem sýnist og hún lærir að meta hversdagslega hluti að verðleikum.

-Pá